



Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. júní 2022

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings fasteignaskrár frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (fasteignaskrá), 684. Mál**

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til tölvupósts velferðarnefndar Alþingis frá 20. maí þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál.

Með frumvarpinu er ráðgert að í stað Þjóðskrár Íslands verði Húsnæðis- og mannvirkjastofnun falin verkefni sem varða skráningu og mat fasteigna. Stofnunin annast nú þegar fjölmörg verkefni er varða fasteignir og mannvirki, svo sem umsýslu mannvirkjaskrár, brunavarnir og eftirlit með byggingafulltrúum. Jafnframt heldur stofnunin utan um rafræna byggingargátt. Frá því að stofnunin var sett á laggirnar með lögum nr. 137/2019 hafa verkefni málaflokksins að mati SA verið í góðum farvegi. Það er hins vegar óumdeilanlegt að mikið hagræði fælist í því að öll mál er varða fasteignir væru hýst hjá sömu stofnun. Með því væri þjónusta hins opinbera á sviði húsnæðismála einfölduð og samræmd og yfirsýn yfir húsnæðismarkað eykst.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu á fyrirkomulagi í tengslum við gjaldskrá vegna fasteignaskrár sem samtökin vilja gera eina athugasemd við. Í stað þess að þurfa staðfestingu ráðherra og birtingu í stjórnartíðindum þá er lagt til að HMS fái heimild til að setja gjaldskrá vegna þjónustugjalda. Að mati samtakanna er slíkt fyrirkomulag ásættanlegt ef rekjanleiki hækkana á gjaldskrá er tryggður svo sem með því að unnt sé að finna eldri gjaldskrár á vefsíðu stofnana og bera saman.

Samtökin fagna þessu frumvarpi en vilja benda á að frekari lagabreytinga er þörf. Lög um brunatryggingar er löggjöf frá árinu 1994 sem hefur lítið sem ekkert verið endurskoðuð síðan. Hún er afar rýr og inniheldur verklag um váttryggingaskyldu og ákvæði um brunabótamat. Að mati samtakanna er þörf á endurskoðun þessarar löggjafar samhliða annarri löggjöf sem snýr að fasteignum, húseignum og mannvirkjum. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gaf fyrir tæpu ári síðan út skýrslu með úrbótatillögum á löggjöf eftir brunann á Bræðraborgarstíg í Reykjavík sem laut fyrst og fremst að brunavörnum í íbúðum. SFF fengu að koma að þeirri skýrslugerð og lögðu fram tillögu um endurskoðun á lögum um brunatryggingar. Skýrslan inniheldur margar góðar úrbótatillögur sem snúa að regluumhverfi íbúðamannvirka hér á landi og þá sérstaklega brunavörnum.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> <https://hms.is/media/9071/brunavarnir-i-ibudarhusnaedi.pdf>



Með vísan í framangreint styðja samtökin eindregið að frumvarpið verði að lögum en leggja til að þarfar breytingar verði gerðar í kjölfarið á ýmissi löggjöf sem snýr að mannvirkjum.

**Virðingarfyllst,**

**f.h. Samtaka atvinnulífsins**

*Heiðrún B. Gísladóttir*

Heiðrún Björk Gísladóttir

**f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja**

*Margrét A. Jónsdóttir*

Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur